

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Kjarna
650 Laugar



Reykjavík 28. maí 2015
UST201504-084/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á svæði við Dimmuborgir við Mývatn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á svæði við Dimmuborgir.

Breytingartillaga

Í ofangreindri breytingartillögu felst að deiliskipulagssvæðið er áfram skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og mörk deiliskipulags breytast en stærð deiliskipulagssvæðis er áfram 2,9 ha. Einnig breytist fyrirkomulag bílastæða. Einnig kemur fram að skilmálar um byggingarmagn og hæð húsa á reit 2 breytast, byggingarmagn minnkað og byggingar verða á einni hæð.


Birkikjarr


Í greinargerð kemur fram að gróður á svæðinu er birkikjarr og lyng. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við framkvæmdir verði forðast að raska birkikjarri eins og kostur er.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda breytingartillögu á deiliskipulagi svæðis við Dimmuborgir. Umhverfisstofnun telur breytingu á bílastæðum til bóta, þ.e. að hafa stæði fyrir rútur fjær þjónustuhúsum. Minni hætta er á neikvæðum sjónrænum áhrifum þar sem skilmálar gera ráð fyrir minna byggingarmagni og byggingu á einni hæð á reit 2. Athygli vekur að þrátt fyrir áætlað minna byggingarmagn þá er byggingarreitur á lóð 2 stækkaður. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B Bragason
Lögfræðingur